

**Nd.**

## **60. Frumvarp til laga**

um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Þorbergur Þorleifsson.

### **1. gr.**

Verzlunarskuldir, þ. e. kuldir, sem stafa af úttekt í búðum og verzlunum, fyrnast á 2 árum, og eins þótt þær séu viðurkenndar og samningur um þær gerður, eða viðskiptum haldið áfram milli kaupanda og seljanda.

Fyrningarfrestur telst frá áramótum næstu á eftir að verzlunarskuld var stofnuð.

Nú skuldar viðskiptamaður við verzlun um áramót eigi minna en við næstu áramót á undan, og skal þá talið, að öll eldri skuldin standi ógreidd, án tillits til þess, þótt skuld hans hafi einhverntíma á árinu numið minna. Hafi skuld viðskiptamanns hinsvegar lækkað, skal á sama hátt telja greitt af gömlu skuldinni aðeins það, sem lækkuninni nemur.

### **2. gr.**

Bannað er að reikna vexti af skuldum þeim, er 1. gr. ræðir um, og er samningur um vaxtatöku af þeim ógildur.

### **3. gr.**

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda einnig um þær verzlunarskuldir, eða kröfur út af skuldum fyrir úttekt, sem þegar eru stofnaðar, nema seljandi og kaupandi hafi gert upp viðskipti sín og samið um þau skriflega fyrir 1. janúar 1936, en eigi má þó reikna eða semja um vexti af þeim skuldum.

### **4. gr.**

Í málum út af verzlunarskuldum, sem rekin eru fyrir gestarétti samkv. lögum nr. 59 10. nóv. 1905, skal dómara skylt við fyrstu fyrirtekt málsins, ef eigi verður af sætt milli aðilja og skuldarupphæðin nemur eigi meira en 500 kr., að leggja þegar dóm á kröfuna, svo framarlega sem stefnandi getur sýnt af

verzlunarbókum sínum, löglega færðum, að hin umstefnda skuld sé ógreidd, enda verði þeim gögnum eigi hnekkt með gildum rökum að áliti dómarans.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1935, og eru frá sama tíma úr gildi felld ákvæði laga nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, að því er tekur til verzlunarskulda, svo og ákvæði 38. gr. laga nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup, er snerta vexti af verzlunarskuldum.

#### Greinargerð.

Frv. þetta, sem legið hefir fyrir síðustu þingi án þess að fá afgreiðslu, er enn komið fram, og liggur til grundvallar fyrir því sama nauðsyn og áður. Við þau rök, sem færð hafa verið fyrir framgangi málsins, bætast nú þau, að Búnaðarþing, það er nú situr, hefir samþykkt eindregna áskorun til Alþingis um að gera þessi ákvæði að lögum, og verður erfitt að daufheyrast við slíku til **lengdar**.

Að öðru leyti skal vitnað til grg. fyrir frv. á síðasta þingi, svo og nál. minni hl. allshn. Nd. þá (þskj. 873), en tekin hafa nú verið inn í frv. þau ákvæði, sem þar eru gerðar brtt. um og eru til bóta.